

**Sp.**

**431. Þingsályktun**

[81. mál]

um varnir gegn sigarettureykingum.

(Afgreidd frá Sp. 2. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar til þess að draga úr tóbaksreykingum, og þá sérstaklega sigarettureykingum:

- I. Viðtæk upplýsingastarfsemi um skaðvænlegar afleiðingar sigarettureykinga verði hafin í dagblöðum, hljóð- og sjónvarpi. Höfuðáherzla verði lögð á þær skyldur, sem foreldrar og kennarar hafa.
- II. Í skólum verði hafin reglubundin kennsla um heilsufarslegar hættur sigarettureykinga.
- III. Regluleg fræðsluerindi (námskeið) verði haldin fyrir kennara og kennaraefni um þessi mál.
- IV. Athugaðir verði möguleikar á að stofna „opnar deildir“ (poliklinik), sem stjórnað sé af sérfróðum læknum, og þar geti reykingamenn fengið aðstoð til þess að hætta reykingum.
- V. Stofnað verði ráð lækna og leikra, sem hafi eftirfarandi hlutverk:
  - a) Að safna upplýsingum um, hversu viðtækar reykingar séu, t. d. meðal skólabarna og unglínga.
  - b) Að stjórna visindalegum rannsóknnum um áhrif reykinga.
  - c) Að vera yfirvöldum til ráðuneytis um þessi mál.

Kostnaður við starfsemi ráðsins verði greiddur úr ríkissjóði.